

Nd.

430. Nefndarálit

um frumvarp til laga um eiða og drengskaparorð.

Frumvarp þetta höfum vér athugað, og teljum þess rétta, og viljum vér ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja það með nokkurum breytingum.

Tvær af breytingum þessum eru efnisbreytingar, en hinar aðrar eru að eins orðabreytingar, sem flestar leiðir af þessum tveim meginbreytingum.

Önnur aðalbreytingin, sem vér leggjum til, er sú, að tekinn verði upp fyrir kristna menn bókareiðurinn, sem gekk hér í landi fram í byrjun 18. aldar og enn tíðkast hjá öllum þjóðum, er enska tungu mæla eða brezku valdi lúta.

En hin aðalbreytingin frá núgildandi lögum er sú, að eiður skuli unninn og drengskapur við lagður á þu en vætti sé borið, sem einnig tíðkast með enskum þjóðum.

Form fyrir viðeigandi áminningu við eiðatökur ætlumst vér til, að landsstjórnin sjái um, að samið sé. Vér álitum það ekki hlutverk nefndarinnar. Hins vegar látum vér til hliðsjónar og fróðleiks fylgja þessu nefndaráliti 3 fornar útskýringar eiða frá ýmsum tímum. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir þessu efni í framsögu málsins.

Alþingi 1. Apríl 1909.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Jón Þorkelsson,
skrifari.

Skúli Thoroddsen.

Einar Jónsson.

Jón Olafsson.

Breytingartillögur.

1. Við 2. gr. Eftir orðin »framburði sínum« bætist: »með þeim hætti, að þeir leggja höndina þá ena hægri á heilaga ritning, og skal eiðstafur þeirra vera«.
2. —»— Eftir »þvílíkum orðum« bætist inn: »Til þess legg eg hönd á helga bók og«.
3. —»— Fyrir orðin »í dag er« komi: »í dag skal að mínu viti vera«.

4. Við 3. gr. Fyrir »skulu« (í 1. línu) komi: »mega«.
5. —»— Fyrir orðin: »er nú hefi eg flutt og framborið« komi: »er eg nú flyt og fram ber«.
6. —»— Eftir orðin »eg fer« bætist: »að mínu viti«.
7. —»— Fyrir orðin »engra muna skyld« komi: »hvorki fyrir vild né óvild né fyrir nokkurra hagsmuna sakir«.
8. Við 4. gr. Fyrir orðin: »eigi fyrr fram en eftir að vætti er borið« komi: »fram áður vætti sé borið.«

Fylgiskjöl

við nefndarálit um frumv. til laga um eiða og drengskaparorð.

I.

Utskýring eiðs frá 14. (og 15.) öld.

[Eftir lögbook Skálholtsdómkirkju hinni fornu á skinni í safni Árna Magnússonar 351. Fol. bl. 125 b, skrifaðri nál. 1360.]

Ef maðr sverr rangt.

Hverr sá, sem sverr úsæran eið ok rangan, þá gerir hann þrjá luti.

Fyrst sem hann segi at öll þau orð, er rituð eru heilug í þessi bók, þá verði mér allðri til hjálpar hvárki ný lög né forn, ef ek lýgr í þessum mínum eiðstaf.

Sá er annar lutr, er hann lægr hendr sínar upp á bók, sem hann svo segi, at öll mín góð verk, er ek hefer gert, verði mér allðri til nytsemdar í augliti guðs, ef ek segi æigi satt í mínum eiði.

Þriði lutr er sá, er hann kyssir bókina, sem hann svá segi at allar þær góðar bæner, er ek hefer beðit með mínum munni at hjálpa sál minni, þá stoði mér ekki þær, ok æigi heilagra manna bænastaðir, ef ek lýgr í þessum mínum eiðstaf.

2.

Eiðskýring frá 16. öld.

[Eftir lögbook á pappir í Uldalssafni 320. 4to í bókhöðu konungs í Kaupmannahöfn, ritaðri 1603 með hendi Björns málara Grímssonar sýslumanns í Árneshöfði.]

Um rangan bókareið.

Hver, sem sver rangan bókareið, þá undirstandast þar inni þreföld misbrot.

Hinn fyrsti sem hann svo segði, að alt það, sem ritað er í helgum ritningum, verði honum aldrei að gagni, þar með hvorki ný lög né forn, ef hann lýgur í sínum eiðstaf.

Annar partur í eiðstafnum er sá, að hann leggur hönd á bókina, sem segði hann, að öll þau góðverk, sem hann hefur gert eða gerir héðan af, verði honum aldrei að neinu góðu í guðs augliti, ef hann lýgur í sínum eiðstaf, því að með hendinni gerir hann góðverk.

Hin þriðja grein er þessi, er hann kyssir bókina, sem gert var að fornu, sem hann segði, að allar þær góðar bæner, sem hann segir með sínum munni, þá duga hon-

um alls ekki til sálarinnar gagnsemi, ef hann segir fals í sínum eiðstaf, og á hans orðum ¹⁾ verði aldrei trúnaður lagður, — sem Júdas gríðniðingur, þá hann kysti Christum.

Um sannan bókaeið.

Af því að guð sjálfur er sannleikurinn, þá vill hann að hvers manns hjarta og munnur vitnist með sannindum. Því skulu það vera já, sem já er, og það nei, sem nei er. En sökum mannsins breyzkleika, er varla trú berum orðunum, þar fyrir heimtist þessi staðfesting orðanna og framburður, sem er eiðurinn. Er því eingin synd, þá satt er svarið, og fyrir því eru þeir skipaðir til sættar og samþykkis og að guð hafi sinn heiður í því, að sannindin hafi framgang, en lygarnar verði keyrðar tilbaka, fólkið fær náðir, friðurinn styrkist, því þeir, sem fyrr voru óvinir, verða vinir, sannindin birtast fyrir vottanna heyrslu, skýrslu og undanfærslu, það sem dómurinn dæmir. Enn þó að eiðanna séu margfaldar greinir, þá skal þó yfir alt þessar varðveittar:

Fyrst sannleikurinn með hreinni samvizku, að mann sverji ekki hvatskeytlega, svo það skeði jafnlega fyrir nauðsynjar.

Annað, sem er réttvísra, að það sé svarið, sem löglegt er og rétt til staðfestu guðs laga og landsins.

Þriðja, ef maðurinn er svo blindaður og af djöflinum setinn, að hann sver til þess að drygja nokkra skömm eður vanheiður og mannilsku, sverjandi ólöglegt, leggjandi svo skömm fyrir skömm, þann eið má sektalaust rjúfa með beztu manna ráði.

Meður þessu, þá sé nú hver og einn kristinn maður við varaður fyrir fólkskum og ósönnnum eiði, svo hann mætti ekki með það síðsta verða djöfulsins eign og hans meðfylgjari, hverjum hann gefur sig fyrir einn falskan eið og tekur sig í frá guði, sínum skapara og heilsugjafara, — þá binu dýrmætu sálu, fyrir hverju oss guð bívári. Amen.

3.

Eiðskýring frá 17. öld.

[Eftir dómakók í handritasafni Kaupmannahafnardeildar Bókmentafélagsins 315 B 4to, skrifaðri nál. 1680 eða nokkru fyrri],

Hverninn út skal þýðast bókaeiður.

Hver, sem sver rangan bókaeið, sá gerir þrjá hluti, sem hér fylgir:

Fyrst svo sem hann segi, að allir þeir góðir hlutir og orð, sem á öllum bókum eru rituð, verði honum aldrei til hjálpar né nytsemdar, hvorki ný lög né forn, þau sem guð hefur skipað, ef hann lýgur í þessum sínum eiðstaf.

Sá er annar hlutur, að þá hann leggur hendur sínar á bókina og heldur á henni, er sem hann segi, að öll þau góðverk, sem hann hefur gert, verði honum aldrei til gagns og nytsemdar í guðs augliti, ef hann segir ekki satt í þessum sínum eiðstaf, því hönd táknað góðverk.

Hinn þriðji hlutur er sem hann segi, þá hann minnst við bókina, að allar þær bænir, sem hann hefur beðið góðar með sínum munni, eður annara bænastaðir stóði honum eður dugi alls ekki til sáluhjálpar, ef hann segir fals í þessum sínum eiðstaf.

Svo er og sá útlægur af landinu til Noregs um þrjá vetur og ekki dómsætur né vitnisbær, og enginn má honum vitni bera, nema í lífsnauðsyn og með þess manns leyfi, er kongs vald hefur í hendi. Svo og er sá sekur fjórum mörkum við kong, og aldrei þá pykir hann jafngóður dreingur.²⁾

Og í guðs nafni fyrirbyð eg þér að sverja, ef ekki er sært. Abyrgi þér, en afsynja mér, ef hér er fals í þessum eiðstaf.

¹⁾ Svo handritið.

²⁾ Sbr. Þjófabálk Jónsb., kap. 21.